

Stjórn Úrvinnslusjóðs

359. stjórnarfundur, fimmdaginn 13. júní 2024 kl. 8:30 – 10:40

Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

A. Til kynningar

- Tillögur til stjórnar um lagabreytingar, frh. frá síðasta fundi.
 - Samningsheimildir Úrvinnslusjóðs og heimildir til upplýsinga frá Skattinum
 - Breytingar á viðaukum
 - Breytingar á úrvinnslugjaldi fyrir haustið 2024
- Drög að verklagsreglum um gerð tillagna um breytingar á úrvinnslugjöldum

B. Til samþykktar

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir helstu mál

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Birta Sif Arnardóttir (BSA),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG),
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ),
Líf Magneudóttir (LM)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri (SBJ),
Edda Krístrún Andrédóttir, samskiptastjóri (EA) ritaði fundargerð
Daníel Gunnarsson, rekstrarstjóri (DG)
Gunnlaug H. Einarsdóttir, sérfræðingur (GHE)

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Senda erindi til ráðherra vegna úrvinnslugjalds á plast- og heyrúlluplast.

DAGSKRÁ

A. Til kynningar:

1. Tillögur til stjórnar um lagabreytingar

Tillaga SBJ að breytingu á dagskrá þannig að c.-liður yrði tekinn fyrir fyrst var samþykkt.

- Breytingar á úrvinnslugjaldi fyrir haustið 2024
GE og DG koma inn á fundinn og fara yfir tillögur. Umræður eru um tillögurnar í heild og einstaka vöruflokka. Fram kom að staða hlutaðeigandi sjóða er helsta breytan sem er lögð er til grundvallar breytingatillögum. Reynsla að baki flokkunum er mis-mikil. Rætt um að aðrir þættir þurfi að koma til skoðunar, s.s.

staða gagnvart markmiðum og þörf á að bæta hana í ákveðnum flokkum t.a.m. með fræðslu- og kynningarátaki.

Plast: Rætt um heyrúlluplast og annað plast og tilurð núverandi fyrirkomulags álagningar. Tillaga KMM um að senda ráðherra formlega beiðni um endurskoðun núverandi fyrirkomulags samþykkt. Skrifstofu sjóðsins falið að senda erindi til ráðherra.

Rafhlöður: Rætt um tækifæri til að fara í átak varðandi litlu rafhlöðurnar þar sem markmið eru ekki að nást. Skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að kanna mögulegan kostnað við átak í málaflokknum til að ná upp söfnunarhlutfalli og breyta tillögu um lækkun gjalda fyrir næsta fund.

HH og DG vikja af fundi kl. 9:40
(Kaffihlé, 5 mín.)

- b. Breytingar á viðaukum.
GE fer yfir tillögurnar.
- c. Samningsheimildir Úrvinnslusjóðs og heimildir til upplýsinga frá Skattinum.
GE gerir grein fyrir tillögum.
Samningsheimildir sjóðsins og mögulegt fyrirkomulag þeirra rætt. Rætt um nauðsyn þess að Úrvinnslusjóðir fái upplýsingar frá Skattinum um greiðendur.

2. Drög að verklagsreglum um gerð tillagna um breytingar á úrvinnslugjöldum

Tillaga KMM um að fresta lið 2 samþykkt. Fundarmenn hvattir til að koma á framfæri athugasemdum við drög að verklagsreglum, við starfsmenn sjóðsins.

GE vikur af fundi.

B. Til samþykktar:

C. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fara yfir helstu mál

Fundi slitið kl. 10:40

Næsti fundur verður haldinn 27. júní kl. 8:30 á Teams.